



## Forvarnaráætlun leikskóla Kópavogs

### Markmið með áætluninni er:

- Að stuðla að því að börn sem dvelja í leikskólum Kópavogs fái tækifæri til að ávinna sér og styrkja þá persónuþætti sem rannsóknir hafa sýnt fram á að dragi úr líkum á að einstaklingar verði háðir fíkniefnum.
- Að virða mikilvægi þess að foreldrar og börn njóti samvista og eigi góð samskipti.

### Leiðir:

- Leggja áherslu á þætti í leikskólastarfinu sem stuðla að því að börnin verði sjálfstæðir, sjálfsöruggir og hamingjusamir einstaklingar sem búi yfir hæfni til að njóta lífsins og takast á við það og þær freistingar sem á vegi þeirra verða.
- Stuðla að góðum samskiptum og samveru foreldra og barna.

### Forvarnaráætlunin byggir á því að:

\* Ákveðnir persónueiginleikar eru líklegir til að minnka/auka áhættu á að ánetjast fíkniefnum. Árangursríkasta leiðin til að draga úr þeirri áhættu er að styðja barnið í að ávinna sér og styrkja þá persónueiginleika.

\* Samvera og góð samskipti foreldra og barna skiptir máli sem forvörn.

\* Hamingjusöm börn og ungligar sem njóta lífsins eru ólíklegrir til að ánetjast fíkniefnum.

**Forvarnaráætlunin nær til alls starfsins í leikskólanum og þar með allra barnanna.**

**Áætlunin og markmið hennar samrýmast og eru í samhljómi við aðalnámskrá leikskóla og meginmarkmið laga um leikskóla.**

## Greinargerð með forvarnaráætlun leikskóla Kópavogs

Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á tengsl vímuefnanotkunar og tiltekinna persónulegra og félagslegra þáttu svo og áhrifa umhverfis. Unglingar sem búa við erfiðleika á heimili svo og börn sem eiga í erfiðleikum með nám og samskipti eru t.d. í meiri áhættu en önnur. Margir unglingsar ánetjast fíkniefnum þó svo engir sérstakir áhættuþættir í umhverfi séu fyrir hendi. Einnig hefur verið sýnt fram á, í íslenskum rannsóknum, fylgni milli fíkniefnaneyslu unglings og uppeldisháttu foreldra þar sem unglingsar „leiðandi“ foreldra „neyta síst vímuefna s.s. áfengis, hass og amfetamíns“. „Leiðandi foreldrar krefjast þroskaðrar hegðunar af barninu og taka vel á móti hugmyndum þess. Þeir setja skýr mörk um hvað er tilhlýðilegt og hvað ekki, nota til þess útskýringar og hvetja börnin til að skýra sjónarmið sín. Þeir sýna börnunum mikla hlýju og uppörvun“. Unglingar „afskiptalausra“ svo og „skipandi“ foreldra eru líklegri en aðrir til að neyta vímuefna (Fjölvar o.fl. 1998).

Margir einstaklingar standa sig vel í lífinu þó þeir hafi búið við erfiðar aðstæður í æsku. Þeir eiga það sameiginlegt að einhver hafði trú á þeim og lét sér annt um þau og þeir búa yfir þrautseigju (resiliency). Persónueiginleikar þeirra sem búa yfir þrautseigju eru t.d. sterkt sjálfsmynd, sjálfstyrkur, sjálfstæði, sjálfræði og sjálfsagi, hæfni til að leysa vanda, jákvætt lífsviðhorf, virkni og færni í að eiga jákvæð samskipti við aðra. Rannsóknir sýna að unglingsar sem búa yfir þessum eiginleikum, og trúua því að þeir sjálfrir geti haft áhrif á gang eigin mála, eru síður líklegir til að verða háðir vímugjöfum en þeir sem telja sig fremur stjórnast af ytri þáttum. Einnig er mikilvægt að einstaklingur fái að láta til sín taka og vera einhverjum mikilvægur (Fjölvar o.fl. 1998; Benard, 2004; Gootman, 2000).

Íslenskar rannsóknir hafa enn fremur leitt í ljós að fylgni er milli mikillar samveru fjölskyldunnar og lítillar fíkniefnaneyslu (Ragnheiður Jónsdóttir, 2002).

Það þarf að meta börn að verðleikum, treysta þeim og hlusta á þau. Þau þurfa að geta treyst öðrum, bæði fullorðnum og börnum. Það ber að líta á börn sem sterka, skapandi og mikils megna einstaklinga. Það ber að stuðla að vellíðan og hamingju barna og að þau njóti lífsins og tilverunnar, vímuefnaneysla er oft viðbragð við leiða og vanlíðan. Forvarnaráætlunin nær til allra barnanna, en sérstaklega þarf að hlúa að þeim börnum sem búa við slakar heimilisaðstæður t.d. áfengis- eða fíkniefnaneyslu foreldra.

Kópavogi 11. maí 2012.

Unnið af Maríónnu Einarsdóttur leikskólastjóra og Sesselju Hauksdóttur leikskólafulltrúa í umboði leikskólastjóra og starfsmanna leikskólaskrifstofu Kópavogs.

### Heimildaskrá:

Benard, B. (2004). *Resiliency: What we have learned*. San Francisco: WestEd.

Fjölvar Darri Rafnsson, Leifur Geir Hafsteinsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (1998). *Tóbaksreykingar ungmenna. Tengsl við sjálfsmat, stjórnrot, depurð, félagslegan kvíða og streitu*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Gootman. M.E. (200, nóv.). (ráðstefna NAEYC) *The tree Rs of resilience: Reliability, respect and responsibility*. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu NAEYC.

Ragnheiður Jónsdóttir. (2002. 8. júní). Foreldraholtverk. Nærgætni, virðing og handleiðsla foreldra innifalin. *Morgunblaðið*, bls. 42.

# Gátlisti

---

## Samskipti kennara og barna

Er hlustað á hugmyndir barnanna og tekið tillit til þeirra?

Fá börnin að tjá tilfinningar sínar?

Njóta börnin stuðnings barna og kennara?

Fá börnin tækifæri til að vera veitendur en ekki bara þiggjendur, vera einhverjum mikilvæg?

Fá börnin tækifæri til að hafa áhrif á/stjórna eigin lífi?

Fá börnin skýr skilaboð um að miklar væntingar séu gerðar til þeirra?

Fá börnin að finna að þau ná árangri og búi yfir færni?

Fá börnin hrós sem styrkir innri tilfinningu um að hafa staðið sig vel, þ.e. fái ekki dæmandi hrós?

Eru börnin fær um og upplifa þau jákvæð samskipti við aðra?

Er litið á börnin sem sterka, skapandi og mikilsmegna einstaklinga?

Upplifa börnin hlýju og uppörvun?

Búa börnin yfir og við sjálfræði og lýðræði?

Búa börnin yfir sjálfsstyrk, sjálfsöryggi og sjálfsvirðingu?

Upplifa börnin að þau geti treyst öðrum?

Finna börnin að þau eru elskuð og virt án skilyrða, fái að vera þau sjálf?

Hafa börnin sterkt tengsl við kennara?

Upplifa börnin kennara sem jákvæðar fyrirmyn dir?

Er tekið á móti börnunum þannig að þau finni að þau séu einstaklingar sem skipta máli og séu einstök?

Fá börnin tækifæri til að efla sjálfsaga?

Fá börnin tækifæri til að öðlast hæfni til að leysa vanda, t.d. ágreiningsmál?

Upplifa börnin að það er í lagi að gera mistök og læra af þeim?

## Staðblær skóla

Finna börnin sig tilheyra?

Upplifa börnin öryggiskennd?

Njóta börnin góðrar umönnunar?

Upplifa börnin góð og hlý samskipti?

Stuðlar skólastarfið að vellíðan og hamingju barnanna?

Er lögð áhersla á að börnin öðlist hæfni til að njóta lífsins?

Upplifa börnin að leikskólinn sé þeirra staður og skjól, þar sem þau ásamt öðrum stuðla að því að gera leikskólann að góðum leikskóla?

## Skipulag skólastarfs

Er samræmi milli forvarnaráætlunar og skólanámskrár?

Fá börnin að bera ábyrgð?

Fá börnin tækifæri til að taka þátt í mótu skólastarfsins og mati á því?

Fá börnin að láta til sín taka, finna að þau hafa áhrif?

Er ætlast til þroskaðrar hegðunar og eru skýr mörk um hvað er tilhlýðilegt og hvað ekki?

Er leikskólaganga barnsins jákvæð reynsla?

## Samskipti kennara og foreldra

Ríkir gagnkvæm virðing í samskiptum og viðhorfum kennara og foreldra?

Eru mætingarreglur leikskólans þannig að tekið sé tillit til mikilvægis samveru foreldra og barna?

Er miðlað til foreldra hinu jákvæða sem gerist í skólastarfinu og hjá barninu?

Fá foreldrar hvatningu til þátttöku í skólastarfinu?